


# Áfallaaðstoð fyrir börn

## sem verða vitni að heimilisofbeldi

Heiðrún Harpa Helgadóttir

Reynir Harðarson

Sálfræðingar í Barnavernd Reykjavíkur

VELFERÐARSVIÐ

Barnavernd




# Barnaverndarlög

- **16. gr.** *Tilkynningarskylda almennings.*
  Öllum er skylt að tilkynna til barnaverndarnefndar ef þeir hafa ástæðu til að ætla að barn:
  a. búi við óviðunandi uppeldisaðstæður,
  b. verði fyrir ofbeldi eða annarri vanvirðandi háttsemi eða
  c. stofni heilsu sinni og þroska í alvarlega hættu.

- **18. gr.** *Tilkynningarskylda lögreglu og skýrslutaka af börnum.*
  Ef lögregla verður þess vör að barn búi við aðstæður eins og lýst er í 16. gr. skal hún tilkynna barnaverndarnefnd um það.




# Aðgerðaáætlun Rvk.
## gegn ofbeldi gegn börnum (2012)

- Með ofbeldi gegn börnum er átt við hvers kyns líkamlegt og andlegt ofbeldi.
- Lögð áhersla á að veita brotaþolum aðstoð við að vinna úr afleiðingum ofbeldis.
- Skýrsla dómsmálaráðherra (1998):
- „Allt ofbeldi þar sem börn eru á heimili er jafnframt ofbeldi gegn börnum.“
- Börnum sem beitt eru ofbeldi eða eru vitni að því er hættara við að þróa með sér langvarandi sálræn og félagsleg vandamál.




# Aðdragandi

- Tilraunaverkefni Barnaverndarstofu

- Allt höfuðborgarsvæðið.

- Líkt – Reynt að ræða við börnin sem fyrst.

- Ólíkt – Sálfræðingar koma ekki á vettvang – eru klárlega á vegum Barnaverndar, einskorðast við Reykjavík.




# Verkefnið - júní 2013

- Bjóða börnum sálfræðilegan stuðning innan 48 tíma frá útkalli lögreglu og barnaverndar.
- Bakvakt kemur skýrslu til starfsmanns með málið í opnum málum – málstjóri kemur máli án tafar til sálfræðinga.
- Nýjum málum er komið til deildarstjóra könnunarteymis – sem kemur málum til sálfræðinga - málið er síðan skráð að venju á úthlutunarfundi.




# Áfallastreita – eldri en 6 ára

- A. Upplifa eða verða vitni að lífshættu, alvarlegum skaða
- B. Finna fyrir einkennum s.s. óþægilegar minningar, draumar
- C. Forðast ákveðna hluti
- D. Hugræn áhrif – minni, viðhorf
- E. Breytt viðbrögð tengd atburði
- F. Varir meira en mánuð
- G. Veldur verulegum vandræðum - hamlandi




# Áfallastreita – yngri en 6 ára

- A. Upplifa hættu eða sjá forsjáraðila í hættu
- B. Finna fyrir einkennum s.s. óþægilegar minningar, draumar
- C. Forðast ákveðna hluti, staði -
- hræðsla, sekt, sorg, áhugaleysi, doði
- D. Pirringur, reiði, bregður, einbeitingarvandi
- E. Varir meira en mánuð
- F. Veldur verulegum vandræðum - hamlandi



ÞJÓNUSTA FYRIR ÞIG

# Bráða-streituröskun

- A. Upplifa eða verða vitni að lífshættu, alvarlegum skaða
- B. Finna fyrir 9 eða fleiri einkennum af:

1. Erfiðar minningar sækja á. 2 Endurteknir draumar. 3. Endurupplifun.

4. Streituviðbrögð tengd áreiti sem minnir á atburð.

5. Ógerningur að upplifa jákvæðar tilfinningar.

6. Breytt veruleikaskyn, mók. 7. Minnisleysi tengt atburði.

8. Forðast minningar, hugsanir tengdar atburði. 9. Reynir að forðast hluti í umhverfinu sem minna á atburð.

10. Svefntruflanir. 11. Pirringur, reiði. 12. Mjög á varðbergi.

13. Erfiðleikar við einbeitingu. 14. Bregður auðveldlega.

- C. Varir í 3 daga upp í mánuð eftir áfall
- D. Veldur verulegum vandræðum - hamlandi




# Tölfræði

- Jan.-ágúst 2014 : 69 börn   (8,6 börn/mánuði)

- Þar af frá lögreglu 54 börn (6,75 börn/mán)
- Í 9 tilvikum var ekki óskað eftir starfsmanni BR á staðinn – í 9 tilvikum var send skýrsla eftir á

- Starfsmenn fóru með lögreglu á heimili 24 barna (3 börn/mán)
- og 21 barni var boðin sálfræðileg áfallaaðstoð eftir aðkomu lögreglu.

- Frá byrjun verkefnis 50 mál = 3,7 mál/mán

  en 77 börn = 5,7 börn/mán




# Samanburður á tölum

- Samkvæmt uppl. frá LRH 2012-2014

- 600 mál á ári – heimilisófriður (50 mál/mán)
- 440 teljast ágreiningur (37 mál/mán)
- 160 teljast ofbeldi (13 mál/mán)
- Í um 50% tilvika eru börn á heimili (6 mál/mán)

- 60% tilvika í Rvk = u.þ.b. 3,6 mál/mán

- Ath. Höfuðborgarsvæðið vs Reykjavík
- Tilkynningar – mál - börn

# Önnur sveitarfélög






ÞJÓNUSTA FYRIR ÞIG




# Umhugsunarefni - álitamál

- Þetta er einstakt tilfelli – börnin voru sofandi.
- Áfallastreita – bráðastreita – kvíði - ADHD
- Gerandi áfram á heimili? Foreldri, systkin.
- Ósamræmi í tölum? Óskýrar skilgreiningar?
- Túlkaþjónusta.
- Er alltaf gott að ræða málin? Rétti tíminn?
- Stuðningur við foreldri. Hvatt til að vera til viðræðu um atburðinn.
- Hollustuklemma barnsins.
- Alltaf boðið upp á að fólk hafi samband síðar.




# Þekking og samstarf

Heimsóknir:

- Karlar til ábyrgðar
- Barnahús
- Drekaslóð
- Sigurður Ragnarsson

-samband við ATV (Alternativ til Vold) í Noregi




# Megináhrif – kostir

- Skýr skilaboð til allra, þolenda og gerenda, að heimilisofbeldi er alvarlegt mál sem getur haft langvarandi sálræn áhrif á börnin.
- Stuðningur við börnin. Þögnin rofin og rödd þeirra fær að heyrast. Þau sjá að þau skipta máli, eru tekin inn í myndina.
- Liður í að rjúfa félagslegar erfðir ofbeldis á heimilum.
- Fælingaráhrif. Forvörn.




# Framtíðin

- Skýrir verkferlar – sameiginlegar áherslur.
- Efla þekkingu fagfólks á einkennum ofbeldis, afleiðingum þess og þeim úrræðum sem bjóðast.
- Bæklingar – gögn – heimasíða.
- Markviss stuðningur við þolendur og gerendur.
- Tenging á milli atburða og aðstoðar.
- Bakvakt.
- Barnahús?




# Reykjavík gegn heimilisofbeldi

- Átaksverkefni Reykjavíkurborgar í samvinnu við lögregluna á höfuðborgarsvæðinu
- 1. apríl 2014 samþykkti borgarstjórn að beita sér fyrir átaki gegn heimilisofbeldi. Borgarráð fól mannréttindaskrifstofu að gera verk- og kostnaðaráætlun.
- Horft til átaksverkefnis gegn heimilisofbeldis á Suðurnesjum.
- Markmiðið að senda skýr skilaboð til samfélagsins um að ofbeldi á heimilum verður ekki liðið – ásamt því að auka þjónustu.

ÞJÓNUSTA FYRIR ÞIG

# VINNUM SAMAN

